

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Norðurár í Borgarfirði.

1. gr.

Nafn félagsins er Veðifélag Norðurár, kt. 520679-0499.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirfarandi jarða og landareigna sem land eiga að Norðurá og fiskihverfi hennar, frá sýslumörkum á Holtavörðuheidi til óss þar sem hún fellur í Hvítá, að Gljúfurá undanskilinni. Þær eru: Ferjukot, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Sólheimatunga, Svignaskarð, Borgir, Munaðarnes, Stóra-Gröf, Grafarkot, Litla-Skarð, Laxfoss, Hreðavatn, Brekka, Hraunsnef, Deseý, Hvassafell, Dalsmynni, Klettstía, Hreimsstaðir, Dýrastaðir, Hvammur, Sanddalstunga, Miðdælingaafréttur, Sveinatunga, Fornihvammur, afréttarland Þveráréttar, Krókur, Háreksstaðir, Hóll, Hafþórsstaðir, Skarðshamrar, Glitstaðir, Svartagil, Veðilækur, Einifell, Arnarholt, Hlöðutún, Stafholt, Svarfhóll, Melkot og Flóðatangi.

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veðifélaginu með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Áin skal nýtt til stangveiði nema að svo miklu leyti sem nauðsyn þykir til að ná í klaklax. Þó skal silungsveiði heimil veiðieigendum neðan Stóru-Grafarveiða utan samningstíma leigutaka eftir ákvörðun stjórnar félagsins og Fiskistofu. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl, 2 á fyrsta og öðru ári og einn á þriðja ári. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn undanfarin þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni um tiltekið árabíl, þó aldrei til lengri tíma í einu en 5 ár. Leigusamningur skal háður samþykki félagsfundar.

Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að stunda fiskveiði á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar, sbr. þó 4. gr. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og fjölda þeirra ásamt öðrum skilyrðum fyrir veiðinni.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

8. gr.

Alla fundi í félaginu skal boða með dagskrá og með rekjanlegum hætti. Aðalfundi í félaginu skal boða eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Aukafundi skal boða eigi síðar en 4 dögum fyrir fundardag. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og skal þá boða til annars fundar eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Ef lagt er fyrir fund að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði.

Á félagsfundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerð.

9. gr.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram ársreikninga félagsins unna af bókkara/bókhaldsstofu og yfirfarna og áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir Veiðifélag Norðurár í Borgarfirði, nr. 944/2009.

Fiskistofu, 12. maí 2026.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.

B deild - Útgáfudagur: 26. maí 2026